



Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálar 2
850 HELLA

Garðabær, 27.1.2025
Málsnúmer: 202412-0024
IAS

Efni: Hallstún, deiliskipulag

Vísað er í erindi frá Rangárþingi ytra, dagsett 11. desember 2024, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulag fyrir Hallstún.

„Fyrirhugað er að sameina jarðirnar Hallstún land (L203602) og Hallstún land (L203908) og byggja þar upp til fastrar búsetu þar sem stundaður verður landbúnaður og atvinna tengd hestamennsku. Með sameiningunni mun jörðin fá nafnið Hallstún 2. Einnig mun Hallstún (L165088) fá nafnið Hallstún 1.

Aðkoma að skipulagssvæðinu er af Landvegi (26) um heimreið Hallstúns. Skipulagssvæðið er grasi gróið.

Nokkrar þekktar náttúruminjar eru innan skipulagssvæðis og gert er ráð fyrir 15m friðhelgi umhverfis þær. Svæðið er innan grunnvatnshlotsins Gíslholtsvötn nr. 103-44-G. Svæðið nýtur ekki sérstakrar verndar en allt Suðurlandsundirlendið er talið mikilvægt fuglasvæði, sbr. kortlagningu NÍ.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og kemur með eftirfarandi ábendingar

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar flokkast deiliskipulagssvæðið sem tún og akurlendi og það er innan mikilvæga fuglasvæðisins Suðurlandsundirlendi. Í greinargerð með deiliskipulaginu segir að nokkrar þekktar náttúruminjar séu innan skipulagssvæðisins þegar átt er við fornminjar. Þetta þarf að laga.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur